

## Vinstrihreyfingin grænt framboð

1. Hver er stefna Vinstri grænna varðandi strandveiðar?

**Já, stefna VG er að auka hlut strandveiða innan félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Á síðustu árum hefur meiri afli runnið inn í strandveiðar en nokkru sinni fyrr, það var vegna ákvarðanna ráðherra Vinstri grænna. Síðastliðið sumar voru gefin út 12.000 tonn til strandveiða. Aðeins á vakt VG hefur verið aukið við strandveiðar.**

**Í okkar huga eru strandveiðar hornsteinn þess að efla sjávarbyggðir og tryggja aðgengi smábátaeigenda að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Við lítum á strandveiðar sem lykilþátt í því að skapa samfélagslega sátt og auka réttlæti í sjávarútvegi. Með því að efla strandveiðar, styrkja félagslega eign auðlinda og tryggja umhverfisvæna nýtingu, leggjum við grunn að sjálfbærari framtíð fyrir sjávarbyggðir og þjóðarbúið í heild.**

2. Munu Vinstri græn stuðla að auknum strandveiðum verði þeir í næstu ríkisstjórn?

**Já, við í VG munum halda áfram að styðja við strandveiðar og stækka pottinn eins og við ein höfum gert. Við viljum bæta skilyrði strandveiðisjómanna og festa veiðarnar enn betur í sessi. Við viljum gera betur í því að skýra eignarhald útgerða og sporna við samþjöppun.**

3. Telja Vinstri græn strandveiðar umhverfisvænar?

**Já, handfæraveiðar eru lágmarks inngríp við veiðar og umhverfisvænni kostur en margt annað í sjávarútvegi. Strandveiðar fara iðulega fram í nokkuð nálægt höfnum, sem dregur úr eldsneytisnotkun og kolefnisspori.**

4. Telja Vinstri græn að hægt sé að ofveiða þorsstofninn með strandveiðum?

**Við leggjum áherslu á að strandveiðar fari fram í samræmi við vísindalegar ráðleggingar. Með rannsóknum og skýru eftirliti göngum við ekki of nærri nytjastofnum. Strandveiðar fara ekki fram í tómi heldur eru þær hluti af fiskveiðistjórnunarkerfi okkar íslendinga.**